



Nafn barns:	
-------------	--

Merkið inn í viðeigandi töflu fyrir hvern þátt.
3= Yfirleitt 2= Stundum 1= Sjaldan 0= Aldrei

3. ára 4. ára 5. ára

	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Hreyfiþroski - Grófhreyfingar						
Hopp						
Klifur						
Ganga og hlaup						
Leikur með bolta						
Hreyfiþroski - Fínhreyfingar						
Byggingarleikur						
Blýantsgrip						
Fínhreyfingaverkefni						
Borðar með hnífapörum						
Klæðir sig						
Málþroski						
Máltjáning						
Ræður yfir málskilningi og orðaforða sem hæfir þroska						
Getur sagt frá atburði í eigin lífi á skipulagðan hátt						
Rímorð						
Þekkir helstu einingar máls s.s. bókstafi, hljóð, orð.						
Skýr framburður og rétt orðanotkun						
Hlustar með athygli á upplestur						

Tímabil	Útfyllt af	Foreldri/Forráðamaður
Tímabil	Útfyllt af	Foreldri/Forráðamaður
Tímabil	Útfyllt af	Foreldri/Forráðamaður
Tímabil	Útfyllt af	Foreldri/Forráðamaður

Hreyfiþroski – Grófhreyfingar

3.-5. ára

Í grófhreyfingarleikum hefur barnið ágætt jafnvægi og getur snúið sér í hring og gengið aftur á bak. Barnið hreyfir sig og dansar við mismunandi takt, það þjálfast í að hoppa, jafnfætis, yfir hluti og síðan á að hoppa á öðrum fæti og valhoppa. Grófhreyfingarnar styrkjast og eflast og barnið þjálfast í hreyfingum sínum. Það klifrar og notar allan skrokkinn til að vege sig upp. Það hleypur og hreyfir sig hratt, þjálfast smám saman í að breyta út einni hreyfingu í aðra, skoppa til hliðar, aftur á baka eða áfram. Látta sig detta, rísa upp og stand á tám. Í boltaleik æfist barn í að grípa minni bolta ásamt því að kasta bolta með annarri hendi, af nokkurri nákvæmi t.d. ofan í körfu eða í mark.

Hopp. Barnið hoppar á öðrum fæti.

Klifur. Barnið getur auðveldlega klifrað í klifurtækjum og í trjám.

Ganga og hlaup. Barnið hefur ágætt jafnvægi, getur breytt auðvelkdara frá einni hreyfingu í aðra, til hliðar, aftur á bak eða áfram.

Leikur með bolta. Í boltaleik kastar og sparkar barnið frá sér bolta, grípur stóra bolta.

Hreyfiþroski – Fínhreyfingar

3.-5. ára

Allar hreyfingar barnsins eru að mýkjast og fínþússast. Barn fer smám saman að klæða sig sjálf í allan helsta fatnað. Það lærir að hneppa og smella sjálf og reyna að reima. Í kubbaleikjum verða byggingar flóknari og flóknari og barn lærir að nota báðar hendur óháð hvor annarri. Barn notar fingrafimi sína til að klæða dúkkur og binda litla hlnúta, þræða perlur, skrúfa og teikna litla hluti. Barn notar gjarnan þvergrip á skriffæri en síðar tekur blýantsgripið við og barn æfist í að klippa með litlum skærum. Barninu lærist að nota hníf, gaffal og skeið þegar það matast og að smyrja sitt brauð sjálf.

Byggingaleikur. Barnið byggir með nokkurri nákvæmni flókna hluti. Notar til þess báðar hendur óháð hvor annarri.

Blýantsgrip. Barnið hefur gott eða rétt blýantsgrip og getur notað skriffæri.

Fínhreyfingaverkefni. Barnið ræður við mjög fínar hreyfingar s.s. að tína upp smáhluti og koma þeim fyrir (getur perlað með litlum perlum eða framkvæmt ámóta fínar hreyfingar).

Borðar með hnífapörum. Barnið borðar sjálf með hnífapörum.

Klæðir sig. Barnið getur klætt sig í og úr daglegum fatnaði.

Málþroski

3.-5. ára

Barnið lærir að nota tungumálið til að hafa samskipti við annað fólk. Það sýnir skilning í máli og samræðum með því að spyrja viðeigandi spurninga og það vill gjarnan fá útskýringar t.d. með því að spyrja „af hverju, hvenær o.s.frv.“ Orðaforðinn eykst mikið. Barn lætur í ljós skoðanir og geðþótta s.s. vont, gott, ljótt, fallegt o.s. frv. Barn lætur í ljós óskir og notar málið til að tjá þarfir sínar og hugmyndir ásamt því að veita upplýsingar.

Samskipti við fullorðna og börn. Barnið notar málið til að hafa samskipti við fullorðna og börn. Notar fornöfn eins og ég, þú, minn og mig.

Skilningur á innihaldi máls. Barnið sýnir að það skilur innihald í máli með því að svara einföldum spurningum um hvenær, hvernig og hvers vegna. Vill fá útskýringar ef það skilur ekki.

Máltjáning. Barnið lætur í ljós óskir sínar og spyr spurninga. Barnið notar málið til að tjá þarfir, koma með hugmyndir og upplýsingar.

Setningamyndun. Barnið segir frá í samfelldu tali og heilum setningum. Venjulegast 3-4 orða setningum.